

bænda
FERÐIR

FRÆNDÞJÓÐIN FÆREYJAR

- 7 DAGA FERÐ -



28. ágúst – 4. september 2026

Fararstjórn: Sigrún Valbergsdóttir

Sumar 22

Færeyjar

Ferðalýsing

Í þessari frábæru ferð um nágrannaland okkar Færeyjar munum við fá góða yfirsýn yfir eyjarnar og allt það helsta sem þar er að sjá. Gist verður í **Þórshöfn** á Straumey á góðu hóteli. Við skoðum litla bæi, fallegar hafnir og njótum einstaks landslags eyjanna. Farið verður til **Saksunar**. Þar heimsækjum við bóndabýlið **Dúvugarð** og skoðum gamla bæinn sem nú er minjasafn. Við däumst að náttúrufegurð og fræðumst um húsakynninn en margar nýbyggingar á eyjunum skarta hlýlegu torfbaki. Vínalega þorpið **Tjörnuvík** bíður okkar en þaðan er útsýni yfir til Risans og Kellingarinnar sem eru tveir drangar yst á flóanum milli Austureyjar og Straumeyjar. Við heimsækjum **Klakksvík** á Borðey sem var einkar afskekkt áður en Norðureyjagöngin komu til sögunnar. Á Austurey höldum við á slóðir Þrándar í Götu sem er ein aðalpersónan í Færeyingasögu. Við siglum alla leið til Suðureyjar þar sem við skoðum þessa syðstu eyju Færeyja og heimsækjum líka Sandey. Þangað er nú fært í gegnum yngstu og lengstu neðansjávangöng eyjanna. Einnig skoðum við vestustu ey Færeyja, Mykines þar sem tíminn hefur staðið í stað. Síðast en ekki síst förum við til **Kirkjubæjar**, helsta sögustaðar eyjanna með sínum fornfrægu kirkjum og íbúðarhúsi kóngsbændanna og á **Tinganesi** kynnum við okkur 1100 ára gamlan þingstað Færeyinga.

8 dagar | 7 nætur Þórshöfn



28. ágúst | Flug til Færeyja & ekið til Þórshafnar

Brottför frá Keflavíkurflugvelli kl. 09:05. Mæting u.þ.b. 2,5 klst. fyrir brottför. Lending í Vágum kl. 11:30 að staðartíma. Á leið okkar frá flugvellinum til Þórshafnar tökum við á okkur krók og skoðum byggðina í Gásadal og fáum okkur hressingu í Bøur. Sameiginlegur kvöldverður á hóteli.

29. ágúst | Straumey & Austurey

Þórshöfn, höfuðstaður Færeyja, er á Straumey en Straumey og Austurey teljast vera meginland Færeyja. Í dag heimsækjum við nyrstu byggðir eyjanna. Við ökum til Saksun en þar var áður fyrr góð höfn með þrönga aðkomu milli ægifagurra, þverhníptra fjalla. Í Saksun munum við skoða gamla bæinn á bóndabýlinu Dúvugarði sem nú er minjasafn. Að loknum góðum tíma þar höldum við yfir til Tjörnuvíkur. Á góðum degi er þaðan einstakt útsýni til Risans og Kellingarinnar, dranganna tveggja sem rísa hátt upp úr sjónum yst á flóanum milli Austureyjar og Straumeyjar. Um þau er til skemmtileg þjóðsaga sem tengist Íslandi. Við höldum áfram yfir Sundini um Eiði til Gjógv sem er lítil byggð nyrst á Austurey. Þar snæðum við hádegisverð í Gjargarði sem er afar fallegt hótél með torfbaki eins og margar nútímabyggingar í Færeyjum. Höfnin og umhverfið allt er rómað fyrir náttúrufegurð. Á leið okkar aftur til Þórshafnar verður ekið um Funningsfjörð. Áhugasömum gefst færi síðdegis á að skoða mannlífið í bænum og um kvöldið velja gestir sér einhvern af hinum fjölmörgu spennandi veitingastöðum í Þórshöfn og snæða kvöldverð á eigin vegum.



30. ágúst | Borðey, Klakksvík, Viðey & Viðareiði

Í dag förum við til Klakksvíkur á Borðey, næststærsta bæjar Færeyja, sem stendur á mjóu eiði milli tveggja víka. Árið 2006 voru Norðureyjagöngin opnuð en þau eru tæpir 6 km að lengd og tengja Borðey við Austurey. Við skoðum okkur um í gamla bænum og lítum m.a. inn í Christianskirkju sem var vígð árið 1963 og þykir ein glæsilegasta kirkja Færeyja. Við ökum lengra norður til Viðeyjar en þar er nyrsta byggð eyjanna, Viðareiði. Á

leiðinni til Þórshafnar heimsækjum við Götu en Þrándur í Götu, ein aðalpersóna Færeyingasögu, bjó hér árið 1000. Sameiginlegur kvöldverður á hóteli.



31. ágúst | Sigling til Suðureyjar



Við tökum daginn snemma og stígum um borð í ferju í Þórshöfn og siglum framhjá Sandey, horfum til Skúveyjar, Stóra Dímons og Litla Dímons og tökum land á Suðurey, syðstu eyju í eyjaklasanum. Þar ökum við um og skoðum nokkrar af minnstu og afskekktustu byggðum eyjanna og snæðum sameiginlegan hádegisverð í stærsta bænum Tvöroyri. Kvöldverður á eigin vegum.

1. september | Kirkjubær og Tinganes

Ekið verður til Kirkjubæjar sem er merkasti sögustaður eyjanna og verða miðaldakirkjurnar tvær, Magnúsarkirkja og Ólavskirkja, skoðaðar. Litið verður á Reykstovuna sem er í grunninn elsta timburhús í heimi sem enn er búið í. Eftir hádegi skoðum við okkur um á þeim sögufræga stað Tinganesi þar sem Færeyingar stofnuðu þing árið 900 og færeyska landsstjórnin hefur nú aðsetur sitt. Eftir það er frjáls tími í Þórshöfn og gefst þá hverjum og einum tími til að skoða sig betur um. Kvöldverður á eigin vegum.

2. september | Sandey

Í dag rennum við eftir yngstu jarðgöngum eyjanna og skoðum okkur um á Sandey. Þar eru nokkrar litlar byggðir sem gaman er að skoða. Á Sandey hafa við uppgröft fundist minjar sem benda til búsetu aftur til 4.- 6. aldar sem er mörgum öldum fyrir eiginlegt landnám Færeyja. Komið um miðjan dag aftur til Þórshafnar og eigum þar frjálsan tíma það sem eftir lifir dags. Kvöldverður á eigin vegum.



3. september | Mykines

Við tökum daginn snemma og keyrum vestur í hafnarbæinn Sörvog á Vogey. Þar stigum við um borð í bát og siglum í klukkutíma til vestustu eyju Færeyja, Mykines. Þar hefur tíminn staðið kyrr og við röltum um götur og stiga sem flytja okkur inn í söguna og

gamlan tíma. Héðan kom þekktasti listmálari Færeyja, Sámal Mykines. Síðdegis siglum við til baka og getum á leiðinni virt fyrir okkur stórfenglega tinda og kletta sem skaga upp úr sjónum á leið okkar. Sameiginlegur kvöldverður á hótelinu.



4. september | Heimferð

Nú er komið að leiðarlokum, við kveðjum Færeyjar og höldum eldsnemma út á flugvöll í Vágum. Brottför er með flugi kl. 07:45 og er áætluð landing í Keflavík kl. 08:20 að staðartíma.

Fararstjóri getur fært dagskrárliði á milli daga eftir þörfum þegar komið er á staðinn.

Fróðleikur

Við viljum benda farþegum sérstaklega á áhugaverðar bækur um Færeyjar:

- ✓ **Eyjarnar átján, dagbók úr Færeyjarferð 1965** eftir Hannes Pétursson. Menningarsjóður 1965.
- ✓ **Lönd og lýðir** eftir Gils Guðmundsson. Bókaútgáfa Menningarsjóðs 1968.
- ✓ **Færeyjar út úr þokunni** eftir Þorgrím Gestsson. Óðinsauga, 2017.



Verð

399.900 kr. á mann í tvíbýli | 101.700 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Innifalið

- ✓ Flug með Air Atlantic til Færeyja.
- ✓ Flugvallarskattar.
- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði.
- ✓ Morgunverður á hóteli.
- ✓ Þrír kvöldverðir.
- ✓ Hádegisverður í Gjágarði.
- ✓ Hádegisverður í Tvöroyri.
- ✓ Aðgangseyrir í Dúvugarð.
- ✓ Ferja til Suðurey.
- ✓ Bátsferð frá Sorvágur til Mykines
- ✓ Allar skoðunarferðir með rútu samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Íslensk fararstjórn.

Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í söfn, hallir og kirkjur.
- ✓ Aðgangseyrir í Kirkjubæ u.þ.b. 50 DKK
- ✓ Hádegisverðir aðrir en í Gjágarði og í Tvöroyri.
- ✓ Fjórir kvöldverðir.
- ✓ Þjóf fé.

Hótel

- ✓ Hotel Hilton Garden Inn